

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995 kl. 12:30

47. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 10/1995

Auglýsingar ferðaskrifstofa

1. Samvinnuferðir-Landsýn

Þann 15. janúar s.l. birtist heilsíðuauglýsing frá Samvinnuferðum-Landsýn þar sem utanlandsferðir eru auglýstar á kr. 7.900, "staðgreitt án flugvallarskatts". Þann 18. janúar var fyrirtækinu sent bréf eins og öðrum ferðaskrifstofum þar sem kynntar voru nýjar reglur sem Samkeppnisráð hafði sett þann 13. janúar um verðupplýsingar í auglýsingum. Sérstök athygli var vakin á 1.gr. reglnanna en þar kemur fram að uppgefið verð eigi að vera endanlegt verð til kaupanda.

Vegna auglýsingarinnar þann 15. janúar sendi Samkeppnisstofnun fyrirtækinu enn fremur bréf þann 24. janúar s.l. þar sem bent var á að samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga væri óheimilt að veita rangar ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Í því bréfi var farið fram á að fyrirtækið sendi stofnunni upplýsingar um þær ferðir sem auglýstar voru. Jafnframt var í bréfinu á ný minnt á reglur Samkeppnisstofnunar um verðupplýsingar í auglýsingum. Ekkert svar barst frá Samvinnuferðum-Landsýn vegna fyrirspurnar stofnunarinnar.

Auglýsingar frá Samvinnuferðum-Landsýn birtust óbreyttar þann 10., 11. og 12. febrúar s.l.

Á fundi auglýsinganefndar þann 15. febrúar var eftirfarandi samþykkt:

"Í auglýsingum Samvinnuferða-Landsýnar þann 15. janúar, 10. og 11. og 12. febrúar s.l. koma ekki fram upplýsingar um endanlegt verð. Verðið sem gefið er upp í auglýsingunum er "staðgreitt án flugvallarskatta og gjalda". Verðupplýsingarnar eru ófullnægjandi og brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og reglur um verðupplýsingar í auglýsingum sem Samkeppnisráð setti þann 13. janúar s.l. Enn fremur eru upplýsingarnar ófullnægjandi samkvæmt 3. gr. alferðalaga nr. 80/1994.

Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni með heimild í 51. gr. samkeppnislaga auglýsingar frá Samvinnuferðum-Landsýn þegar tilgreint verð er ekki endanlegt, þ.e. innifelur ekki viðeigandi skatta og gjöld.

Auglýsinganefnd leggur til við Samkeppnisráð að beitt verði dagsektum kr. 50.000 á dag verði bannið brotið."

Ákvörðunarorð:

"Samkeppnisráð bannar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 auglýsingar frá Samvinnuferðum-Landsýn þegar tilgreint verð er ekki endanlegt, þ.e. innifelur ekki viðeigandi skatta og gjöld.

Verði ekki farið að ákvörðun ráðsins mun Samkeppnisráð taka ákvörðun um dagsektir á næsta fundi sínum."